

## Dómur:

Þaræð stefnuvottarnir ekki hafa sjálfir ritað nöfn sín undir vottorðið um birtingu yfirdómsstefnunnar í þessu máli, sem að öðru leyti heldur ekki er löglega birt hinum kærðu, Kristjáni Gabrielssyni og Jóhanni Jónssyni, ber að vísa stefnunni frá yfirdóminum til nýrrar og löglegrar birtingar.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum til nýrrar og löglegrar birtingar.

Nr. 9/1883.

Rjettvísín

gegn

Sigurði Snæbjörnssyni.

## Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á aukapíngi Árnæssýslu að Eyrarbakka 29. júlímán. 1882, var hinn ákærði Sigurður Snæbjörnsson fyrir þjófnað á sauðkind dæmdur „frí við hina hæfilega metnu 12 mánaðe betrunarhúsvinnu“, og sú refsing því látin falla niður, en dæmdur er hann til að greiða allan málskostnað og iðgjöld hinnar stolnu kindar til Guðmundar Ísleifssonar á Stóruháeyri með 6 kr. 50 a. — Þessum dómi er af hálfu rjettvísinnarskotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða Sigurðar Snæbjörnssonar, og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann haustið 1878 handsamaði 1 á, sem Guðmundur Ísleifsson á Stóruháeyri átti, en hún hafði komið saman við kvíffe hins ákærða —

skar hana og hagnýtti sjer afurðir hennar. Hjer-aðsdómarinn hefur heimfært þetta afbrot hins á-kærða undir 231. gr., samanborna við 67. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, er hinn ákærði, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, hefur til unnið, hæfilega metin 8 mánaða betrunar-húsvinna. — Svo ber honum og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin mál-flutningslaun til sóknara og svaramanns við yfir-dóminn, 10 kr. til hvors þeirra, og enn fremur ið-gjöld hinnar teknu kindar 6 kr. 50 a.

Yfirdómurinn getur ekki leitt hjá sjer að taka það fram, að það er herfilegur misskilningur undir-dómarans að láta 67. gr. hegningarlaganna ráða úrslitum þessa máls að því hegninguna snertir, og virðist því ástæða til að geyma hinu opinbera rjett til að koma ábyrgð fram á hendur undirdómaran-um í tilefni af þessu.

Rekstur málsins í hjeraði hefur orðið njög svo seinfara. A prófunum var byrjað 18. febrúarnán. 1881 og þeim haldið áfram til 24. s. m.; síðan var ekk-ert átt við málið fyr en 15. júní 1881, og þar eptir ekki fyr en 18. janúar 1882 og var prófunum lokið 25. s. m.; en ekki var stefna gefin út fyr en 13. júní 1882; 29. júlí s. á. var dómur kveðinn upp í mál-inu, og 10. ágúst næst eptir voru dómsgjörðirnar afgreiddar *til að sendast* stefnuvotturum; en þeir birtu dóminn 27. nóvbr. þar eptir, og hafa þeir vottað, að þeir ekki hafi fengið dómsgjörðirnar fyr en daginn áður eða 26. nóvember, og þá hafi nafn-greindur maður á Eyrarbakka — bústað dómarans —

afhent þeim þær. Hjeradsdómarinn hefur að vísu reynt til að afsaka þenna ótilhlýðilega drátt, en yfirdómurinn fær ekki sjð, að afsakanir hans, er einkum lúta að veðri og færð, en hann átti heima í sama hreppi og hinn ákærði og flest vitnin, og ekkert af vitnunum er í fjarska, eigi við næg rök að styðjast; og að því snertir hinn mikla drátt á birtingu dómsins, þá verður ekki stefnuvottunum um kennt, heldur verður hann að vera á ábyrgð hjeradsdómarans, úr því hann ekki hefur, þrátt fyrir tilefni það, sem vottorð stefnuvottanna gaf til þess, skýrt frá, hvernig á honum hafi staðið. Það verður því ekki komizt hjá að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir ótilhlýðilegan drátt á málinu samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., og skal hann greiða 50 kr. sekt, er renni í fátækra sjóð Stokkseyrarhrepps.

Loks athugast, að frágangurinn á dómsgjörðunum ber vott um stakt hirðuleysi, þótt yfirdómurinn ekki að þessu sinni vilji láta það varða undirdóm-arann ábyrgð.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Sigurður Snæbjörnsson, á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Svo greiði hann og allan af málinu og varðhaldi sínu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Þ. Jónssonar og P. Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra, og enn

fremur iðgjald til Guðmundar Ísleifssonar á Stóruháeyri 6 kr. 50 a. — Hjeraðsdómarinn Stefán Bjarnarson, á að greiða 50 kr. sekt, er renni í fátækra sjóð Stokkseyrarhrepps.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudagin 30. aprílmán.

Nr. 15/1883.

Hið opinbera

gegn

Benedikt Grímssyni

Dómur

Með úrskurði amtmannsins í norður- og austur-  
amtinu, dagsettum 14. nóvember 1881, voru þau  
Benedikt Grímsson, þá á Skipalóni, og María Guð-  
jónsdóttir, þá lausakona á sama bæ, sem eptir skýrslu  
hlutaðeigandi prests lifðu í hneykslanlegri sambúð,  
áminnt samkvæmt 179. gr. hegningarlaganna um að  
slíta þessari sambúð þegar í stað, og var þeim  
bannað að dvelja í sömu sókn, þar að auki var  
þeim bent á, að ef þau ekki hlýðnuðust þessari á-  
minning, mættu þau búast við að sæta lögsókn og  
hegningu samkvæmt tjeðri lagagrein, þessi amts-  
úrskurður var birtur Benedikt og Maríu á heimili  
þeirra 3. desember s. á., og fjekk Benedikt sjer þá  
heimili á Vindheimum til þess að hlýðnast úrskurð-  
inum. Um vorið eptir virðist María Guðjónsdóttir  
hafa farið að búa á Stóra — Dunhaga, en um sum-  
arið lagðist hún með 3 börnum sínum, sem hún  
átti með Benedikt, í mislingum, og er svo að sjá á  
prófunum, sem hún hafi verið veik allt sumarið.